

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

SNÆFELLSBÆ

271. tbl - 6. árg.

21. september 2006



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR
- bakhlari i byggð

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001
www.spo.is

Vaxtarsamningur undirritaður

Á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi sem haldinn var í Grundarfirði um síðustu helgi var undirritaður nýr samningur milli ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja um Vaxtarsamning Vesturlands. Síðla árs 2005 skipaði þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir 15 manna starfshóp til að vinna að undirbúningi þessa samnings. Meðal markmiða með honum er; „Að auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt, þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu.“ Vaxtarsamningur byggir á

samvinnu og fjárframlögum ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja á svæðinu.

Sigríður Finsen forseti bæjarstjórnar í Grundarfirði var kjörin formaður stjórnar sambands sveitarfélaga á Vesturlandi á aðalfundinum. Aðrir í stjórn eru Björn Elísson Akranesi, Hrönn Ríkhardsdóttir Akranesi, Páll S. Brynjarsson Borgarbyggð, Jenný Lind Egilsdóttir Borgarbyggð, Ása Helgadóttir Hvalfjarðarsveit og Kristjana Hermannsdóttir Snæfellsbæ. Það vekur athygli að konur skipa fimm af sjö stjórnarsætum.

Víkingur í 7. sæti



Víkingar kepptu við Hauka í lokaumferð 1. deildar í knattspyrnu, leikurinn fór fram á Ólafsvíkuvelli s.l. laugardag. Fyrir lokaumferðina gátu fimm lið fallið niður í aðra deild og því talsverð spennu í gangi.

Mikil stemming skapaðist á vellinum þar sem Sjórnendingar og aðrir stuðningsmenn Víkings kvöttu sína menn en Haukar voru einnig með mjög háværa stuðningsmenn. Í hálfleik grilluðu Sjórnendingar fyrir vallargesti.

Víkingar voru í þriðja neðsta sæti deildarinnar en

neðstu liðin voru Haukar og Þór. Leikur Hauka og Víkinga var fjörugur og skemmtilegur og mikil baráttu allan leikinn, fljótlega í fyrri hálfleik skoraði Adis Sjerotanovic fyrir Víking og tíu mínútum seinna jöfnuðu Haukar, leikurinn endaði með 1-1 jafntefli. Haukar féllu í 2. deild en Víkingar enduðu sumarið í sjöunda sæti deildarinnar sem er mjög góður árangur eftir afskaplega lélegann kafla fyrir í sumar stigalega séð, þar sem stiginn létu á sér standa þrátt fyrir oft á tíðum ágætán leik.

Nýtt á sölu



Ólafsvík

Brautarholt 30 er byggt 2005 úr timbri og klætt utan með bárujárn og zedrusviði. Það er á einni hæð og er 157,3 fm auk bílskúrs sem er 40,9 fm. Brunabótamat hússins er alls kr 32,960,000. Það skiptist í forstofu, hol, stofu, fjögur herbergi, wc herbergi, baðherbergi, eldhús og þvottahús. Á forstofu, eldhúsi og þvottahúsi eru flisar og á holi, stofu, herbergjum er parket. Eldhúsinnréttingin úr birki og hluti tækja fylgir með í sölu hússins. Á baðherbergi eru flisar á veggjum og gólf og einnig er sturtuklefi og hornbaðkar. Hiti er í öllum gólfum. Við húsið er stór sólpallur úr zedrusviði og á pallinum er heitur pottur. Fyrir framan húsið á eftir að fullgera lóðina. Húsið er á hornlóð og úr því er gott útsýni. Verð: Tilboð



Ólafsvík

Brautarholt 6 efri hæð er til sölu. Húsið er byggt 1958 úr steypu og hæðin er 87,3 fm. Hún skiptist í forstofu, hol, eldhús, geymslu, baðherbergi, tvö herbergi og stofu. Á holi, eldhúsi, herbergjum og stofu er parket og baðherbergið er flisalagt. Íbúðin er hituð með vatnsöfnun og litur vel út að innan. Þakið er nýlegt og gluggar eru góðir. Verð: Tilboð



Ólafsvík

Brautarholt 4 efri hæð. Húsið er byggt úr steypu 1957. Íbúðin sem er um 90 fm að gólfleti skiptist í andry, teppalagðan stigagang, baðherbergi, eldhús, hol, stóra stofu og tvö rúmgóð herbergi. Á baði eru flisar og á eldhúsi, herbergjum, holi og stofu er gott parket. Þvottahús er í kjallara. Raflagnir, gluggar, og þak er nýlegt og tvær hliðar hússins eru klæddar. Íbúðin litur mjög vel út utan sem innan. Húsið stendur á mjög góðum stað og í íbúðinni er gott útsýni yfir bæinn. Á lóð hússins er 25,1 fm bílskúr. Verð: Tilboð

Sjá upplýsingar um eignir í Snæfellsbæ á valholl.is undir söluskrá

Nánari upplýsingar í síma 893 4718

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Ingólfur G. Gissurarson, löggtur fasteignasali,
Síðumúli 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477

FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

HÚS TIL SÖLU

Brautarholt 14, efri hæð



105 fm. íbúð á efri hæð í steinsteyptu tvíþýlishúsi byggðu árið 1958. Íbúðin skiptist í stigagang, hol, baðherbergi, eldhús, stofu, þrjú svefnherbergi, geymslu og þvottahús. Flisar er á holi, eldhús og baðherbergi og parket á stofu og herbergjum. Ný innrétting er í eldhúsi. Að utan er húsið klætt með „steni“ klæðningu Mjög gott útsýni er frá íbúðinni.

Verð: tilboð

Sjá nánari upplýsingar um eignina og aðrar eignir á skrá á heimasíðu fasteignasöluunnar: fasteignsnae.is
Á Fasteignasölu Snæfellsness eru öll störf unnin af löggtum fasteignasala sem tryggir öryggi í viðskiptum.

Fasteigna- og skipasala Snæfellsness
Pétur Kristinnsson, hdl. löggtur fasteigna- og skipasali.
Sími 438-1199, netfang pk@sinnet.is
Heimasíða: fasteignsnae.is

Samfélag óttans

Jákvætt hugarfar

Meirihluti bæjarstjórnar Snæfellsbæjar undir forystu bæjarstjóra hefur frá því að loknum sveitastjórnakosningum farið hamförum undir öfugum formerkjum slagorðsins „Jákvætt hugarfar“.

Í vor að nýafstöðnum kosningum þann 31. maí s.l. rauk bæjarstjóri til, án nokkurs umboðs frá bæjarráði eða bæjarstjórn og sagði öllum starfsmönnum íþróttahúss og sundlaugar upp störfum. Sú skýring var gefin, að uppsagnirnar væru vegna væntanlegra skipulagsbreytinga.

Í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna segir að starfmönnum eigi að bjóðast að taka þátt í breytingu á störfum þeirra. Samkvæmt því duga skammt þau rök að verið sé að breyta störfunum, sérstaklega þar sem verið er að bæta við starfsfólki.

Formgallinn

Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar 15. júní s.l. gerir forseti bæjarstjórnar það að tilögu sinni að uppsagnirnar verði dregnar til baka vegna formgalla.

Bæjarstjórnarfundinn sátu sem gestir fjórir af þeim starfsmönnum sem fengið höfðu uppsagnarbréf og voru þeir beðnir afsökunar á þessum uppsögnum af þremur af fjórum bæjarfulltrúum meirihlutans.

Formgallinn á uppsögninni var sá að bæjarstjóri var að brjóta lög bæjarfélagsins og var kominn langt út fyrir valdsvið sitt.

Í raun hafði þetta verið gert þannig að forstöðumenn stofnanna réðu og ef þurfa þótti og

lög leyfðu ráku þá sem reka þurfti.

Uppsögn númer tvö

Starfsmennirnir sem beðnir höfðu verið afsökunar á þeim leiðindum sem þeir höfðu orðið fyrir voru varla komnir heim, þegar íþrótt- og æskulýðsfulltrúinn elti þau uppi víðsvegar um bæinn og reyndi að fá þau til að skrifa upp á eigin uppsagnir. Hann hafði ekki erindi sem erfíði, þannig að skömmu seinna fengu þau sent í ábyrgðarpósti uppsagnarbréf númer tvö undirritað af bæjarstjóra í umboði bæjarráðs.

Aður hafði bæjarstjóri fengið það í gegn að lögum bæjarins hefur verið breytt þannig að hann getur rekið alla starfsmenn sveitarfélagsins. Við þessa breytingu eykst valdsvið bæjarstjóra gríðarlega og um leið skerðir það völd forstöðumanna stofnanna sem flestir eru ráðnir á faglegum forsendum vegna menntunar og/eða fyrri starfa og starfsreynslu.

Lögbrot

Verkalýðsfélög þessara starfsmanna hafa fylgst með þessu máli frá upphafi bæði SDS og BSRB.

Bæjarstjórn og bæjarstjóra hefur verið bent á það af lögfræðingum verkalýðsfélaganna að verið sé að brjóta mjög alvarlega á réttindum þessa fólks. Það er margbúið að benda á leiðir og rétta fram sáttarhönd til að finna lausn til að afstýra aðförinni að þessum starfsmönnum Snæfellsbæjar. Bæjarstjóra hefur verið bent á að meðal þessara starfsmanna sé trúnaðarmaður sem sérstaklega er var-

inn af kjarasamningum og lögum.

Uppsagnir þessara starfsmanna hafa nú verið dómteknar í Héraðsdómi Vesturlands sem er grátlegt því að starfsmennirnir og verkalýðsfélög þeirra hafa gert allt sem í þeirra valdi stendur og rúmlega það til að leysa þetta mál.

Stóridómur fallinn

Eftir mikil átök og yfirlegu, viðtöl í blöðum og öðrum fjölmiðlum, samvinnu við lögmenn sveitarfélagsins og Félagsmálaráðuneytisins féll hinn stóri dómur.

Það er ákveðið að fara þá auðvirðilegustu og lágkúrulegustu leið sem hægt er að hugsa sér, einum af þeim sex starfsmönnum sem reknir voru í upphafi er fórnad. Sú manneskja hefur verið mjög velliðin í starfi, vinnufélagarnir hafa valið hana til trúnaðarstarfa og veita henni öll sín bestu meðmæli. Sem trúnaðarmaður starfsmanna síðastliðin ár hefur hún verið í forsvari fyrir aðra starfsmenn og þurft ábyrgðar sinnar vegna að hafa skoðanir á aðbúnaði, kjörum og fleiru sem starfsfólk varðar.

Það hljóta því að vakna alvarlegar spurningar hjá íbúum Snæfellsbæjar um hvað búi að

baki slíkrar mannvönsku sem falinn er í þessum gjörðum. Fyrst gagnvart öllu starfsfólkinu sem allt hefur hin bestu meðmæli frá fyrrverandi yfirmanni sínum og síðan að velja úr eina manneskju til að fórna á altari yfirgangs, frekju og mannfyrirlitningar.

Samfélag óttans

Það er nauðsynlegt fyrir okkur sem viljum búa í lýðfrjálsu landi og sveitarfélagi, að velta fyrir okkur aðdragandanum að þessari aðför að starfsfólkinu og um leið gera okkur grein fyrir að það er verið að fótum troða þau réttindi sem verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir í áratugi með mikilli fyrirhöfn og fórnun.

Viljum við búa í samfélagi óttans þar sem örfáir valdamiklir menn stýra öllu og stjórna og ef íbúar sitja ekki og standa eins og yfirboðurum þóknast þá erum við og fjölskyldur okkar slegin af.

Við sem ætlum okkur að lifa í þessu samfélagi getum ekki settið hjá, því það sem er verið að gera hér kemur til með að skilja eftir djúpt sár í okkar samfélagi um ókomna tíð.

Gunnar Örn Gunnarsson
Starfsmaður Snæfellsbæjar

Áttu bát?

Viltu styðja rannsóknir?

Nú gefast tækifærin!

VÖR - Sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð leitar eftir samstarfsaðilum til sýnatöku í Breiðafirði.

Áhugasamir hafi samband við Erlu í síma 897-4356, dagana 22-24 september.



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylga@bylgja.is

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík

355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Aðalflutningar

Öryggi alla leið

Höfum opnað vöruafgreiðslu inni í portu gamla frystihússins

Farið er frá AÐALFLUTNINGUM Skútuvogi 8, Reykjavík kl. 17:00 alla virka daga.

Afgreiðslan er opin frá 08:00 - 16:00.

Síminn er 431 5613, 895 5613, 899 5613

VERSLUNIN Þóra Auglýsir

Rýmum til fyrir nýjum vörum.

**30% - 50% afsláttur
af barnafötum**

vikuna 25. - 29. september.

Verslunin Þóra



VÍKA SÍMENNTUNAR

24. - 30. september 2006

Víka símenntunar sem verður haldin dagana 24. - 30. september, en Menntamálaráðuneytið stendur fyrir þessu verkefni. Markmiðið er að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi menntunar og þess að ávallt er hægt að bæta við sig þekkingu.

Af þessu tilefni viljum við vekja sérstaklega athygli á námstækifæri sem er í boði nú á haustönn sem nefnist „Aftur í nám“, en þetta nám er sérstakið fyrir þá sem eiga við lestrar- eða skriftrarörðugleika að glíma. Þetta nám verður kennt á Akranesi en ef áhugi er fyrir hendi þá er stefnt á að bjóða upp á þetta víðar á Vesturlandi eftir áramótin.

**Kynningar-og fræðslufundur
vegna námskeiðsins „Aftur í nám“**

**Miðvikudaginn 27. september kl. 19.30 í Fjölbrautaskóla
Snæfellinga**

Á fundinum verður kynnt námskeiðið Aftur í nám, sem Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fer af stað með í október n.k. Námskeiðið er ætlað fólki sem er á vinnumarkaði en hyggst fara í nám eða aftur í nám.

Markmiðið er að auka hæfni til starfs og náms og stuðla að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms. Námskeiðið er sérstaklega ætlað þeim, sem eiga við einhvers konar námsörðugleika að stríða, s.s. lesblindu, skrifblindu eða einbeitingarskort.

Á fundinum verður farið ítarlega í hvað felst í þessu námskeiði og Davis aðferðir kynntar. Davis aðferðirnar eru kenndar við Ron Davis sem þróaði þessar aðferðir til að sigrast á sinni eigin lesblindu/dyslexíu. Engar krófur eru gerðar til lágmarks skólagöngu áður en nám hefst og námsmenn gangast ekki undir formleg próf. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi námið til allt að 7 einingum á framhaldsskólastigi.

Hvetjum áhugasama til að mæta!

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi - Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar

Þín verslun

Nýtt kjöttíloð hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.

Fjöldi annara tíloða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.

Verslunin Kassinn ehf.
Norðurtanga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 fax 436-1346
meil. kassinn@thinverslun.is

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Getraunir

Áskorendaleikurin fer í gang nú um helgina. Nú keppa áhafnir báta við starfsfólk fyrirtækja í landi það er að segja sjóhundar við landkrabba. Þeir sem byrja eru áhöfnin á Gunnari Bjarnasyni á móti starfsfólki í Bylgjunni. Ef þeir á Gunnari tapa skora þeir á aðra áhöfn

en ef Bylgjan tapar skora þeir á fyrirtæki í landi. Svo vil ég minna typpara að skrá sig í HÓPLEIKIN sem fer af stað um mánaðarmótin.

Opið kl.10.00 til 13.00. á Hótel Ólafsvík laugardaga.

Áfram Víkingur
Stjáni Tótu.

GILIÐ AUGLÝSIR

**Erum byrjuð með glæsilegan
Salatbar í hádeginu**

**hægt að borða á staðnum
eða taka með sér.**

Til sölu

Hátt barnarúm frá Ikea úr furu, (90x200) með springdýnu, plássið undir rúminu má nota sem geymslupláss - Kr. 15.000

Einnig til sölu 2 stk dökkbrúnir leðurstólar frá sófasetti, seljast saman á 10.000 kr

Upplýsingar í síma 822-6885 og 892-6885.

KÆLIVER EHF
Haflíði Sævaldsson GSM: 893-1906
Steinar Vilhjálmsson GSM: 8944310
Súðarvogi 28 S:5874530 - 5303100

INGJALDSHÓLSKIRKJA

SUNNUDAGINN 24. SEPTEMBER

Barnaguðspjónusta kl. 11:00

Sunnudagaskólinn hefst og
kirkjubækur vetrarins verða afhentar.

Komum saman í kirkjunni til
fyrirbænar og þakkargjörðar.

Sóknarprestur



SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN
Á VESTURLANDI



VIKA SÍMENNTUNAR

24. - 30. september 2006

Vika símenntunar verður haldin dagana 24. - 30. september, en menntamálaráðuneytið stendur fyrir þessu verkefni. Markmiðið er að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi menntunar og þess að ávallt er hægt að bæta við sig þekkingu.



Í tilefni af Viku símenntunar verður Guðjón Bergmann með fyrirlestur sem nefnist "Streita – vinur eða fjandi" í Fjölbautaskóla Snæfellinga mánudaginn 25. september kl. 20.00.

Í fyrirlestrinum leitar Guðjón m.a. svara við spurningum eins og: Hvernig stendur á því að nánast allir kvarta undan streitu en einungis örfáir geta skilgreint streitu aðspurðir? Hvers vegna geta tvær manneskjur staðið hlið við hlið í nánast sömu vinnu, önnur virðist vera að kíkna undan streitu en hin þrífst best þegar mest er að gera? Hvernig er hægt að takast á við afleiðingar streitu eins og vöðvabólgu, svefntruflanir, einbeitingarskort, háan blóðþrýsting, meltingartruflanir, kvíða og fleira?


Á fyrirlestrinum er leitast við að svara þessum spurningum og mörgum fleirum. Kennar eru rötgrónar aðferðir til að takast á við afleiðingar skammtíma og langvarandi spennu.

Guðjón Bergmann hefur haldið fjölda námskeiða og fyrirlestra um heilsuefingu og hvernig má stuðla sem best að andlegri og líkamlegri velliðan.

Aðgangur ókeypis!

Einnig munu starfsmenn Símenntunarmiðstöðvarinnar kynna þær námsleiðir og námskeið sem eru í boði á haustönn.

Upplýsingar og skráning svava@simenntun.is eða
í síma 4372390 og á www.simenntun.is



Ólafsvíkirkirkja

Fjölskylduguðspjónusta

Fjölskylduguðspjónusta verður haldin
í Ólafsvíkirkirkju sunnudaginn 24. september kl.11.00.

Þema stundarinnar er:
Verndum bernskuna.

Stundin er um leið fyrsti sunnudagaskóli vetrarins.
Hressing í safnaðarheimilinu að stundinni lokinni.

Allir velkomnir

Sóknarprestur